

## Nefndarálit

um till. til þál. um breyt. á vegáætlun fyrir árin 2000–2004.

Frá meiri hluta samgöngunefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Jóhann Guðmundsson frá samgönguráðuneyti og Helga Hallgrímsson og Jón Rögnvaldsson frá Vegagerðinni.

Sú vegáætlun sem hér er til umræðu er frábrugðin fyrri áætlunum að því leyti að hún tekur eingöngu til eins árs. Ástæður þessa eru raktar í framhaldsnefndaráliti meiri hluta nefndarinnar með frumvarpi til laga um breytingar á lagaákvæðum er varða samgönguáætlun o.fl., 385. mál, og vísast til þess sem þar segir, en samhliða því áliti leggur nefndin til breytingu sem veitir Alþingi heimild til að samþykkja vegáætlun í því formi sem hér er lagt til.

Í fjárlögum fyrir árið 2002 er gert ráð fyrir frestun stofnkostnaðarframkvæmda fyrir 1.519 m.kr. á þessu ári. Við þessa fjárhæð bætist frestun framkvæmda á árinu 2001 að fjárhæð 700 m.kr. Nefndin hefur tekið málið til skoðunar í samstarfi við Vegagerðina og þingmenn einstakra kjördæma og birtist niðurstaða meiri hluta nefndarinnar á frestun framkvæmda og sundurliðun útgjalda í breytingartillögu meiri hlutans.

Samkvæmt niðurstöðu meiri hlutans deilist frestun á framkvæmdum milli einstakra landshluta þannig:

1. Suðurland	76 m.kr.
2. Reykjanes	20 m.kr.
3. Vesturland	79 m.kr.
4. Vestfirðir	75 m.kr.
5. Norðurland vestra	55 m.kr.
6. Norðurland eystra	76 m.kr.
7. Austurland	79 m.kr.
8. Höfuðborgarsvæðið	329 m.kr.

Að auki er lögð til frestun á framkvæmdum í einstökum flokkum framkvæmda, sbr. sundurliðun framkvæmda í breytingartillögu:

1. Brúarframkvæmdir	60 m.kr.
2. Jarðgangaframkvæmdir	1.150 m.kr.
3. Orku- og iðjuvegir á Austurlandi	200 m.kr.
4. Landsvegir	10 m.kr.
5. Safnvegir	10 m.kr.

Sundurliðun útgjalda samkvæmt breytingartillögu meiri hlutans er í samræmi við þetta en jafnframt hefur verið tekið tillit til frestunar framkvæmda 2001 fyrir 700 m.kr. og endurgreiðslu þeirra.

Í fylgiskjali með nefndarálitinu er listi yfir skuldir og skuldbindingar sem mæta þarf á árunum 2003 og 2004. Þetta er nauðsynlegt með hliðsjón af því að vegáætlun sú sem hér um ræðir nær aðeins til eins árs.

Meiri hlutinn telur að stefna skuli að því að bjóða út fyrirhugaða breikkun á Reykjanesbraut í stærri áföngum en áætlað hefur verið til að auka hagkvæmni framkvæmdarinnar og draga úr slyshættu. Ljóst er að á móti verður að draga úr öðrum framkvæmdum á svæðinu. Endanleg ákvörðun Alþingis um þetta atriði bíður næsta hausts.

Meiri hlutinn leggur til að tillagan verði **samþykkt** með breytingu sem gerð er grein fyrir í sérstöku þingskjali.

Alþingi, 18. apríl 2002.

Guðmundur Hallvarðsson,  
form., frsm.

Hjálmar Árnason.

Arnbjörg Sveinsdóttir.

Magnús Stefánsson.

Þorgerður K. Gunnarsdóttir.

Sigríður Ingvarsdóttir.

## Fylgiskjal.

### **Listi yfir: Skuldir og skuldbindingar sem mæta þarf á árunum 2003 og 2004.**

#### *1. Stofnvegir.*

#### **1.1. Almenn verkefni og 1.3. Stórverkefni.**

Vegnr.	Vegheiti Kaflanr. Kaflaheiti	2002 m.kr.	2003 m.kr.	2004 m.kr.
1	Hringvegur			
a2	Um Djúpa og Laxá .....		20	
a6	Um Skaftá .....		12	
b3	Um Vík .....		4	
c8	Um Þjórsá .....		118	
30	Hrunamannavegur			
08	Flúðir – Biskupstungnabraut .....		36	
32	Þjórsárdalsvegur			
02	Stóranúpsvegur – Ásólfstaðir .....		17	
08-09	Laugarvatnsvegur – Gullfoss .....		36	
41	Reykjanesbraut			
15-18	Breikkun .....		359	292
1	Hringvegur			
	Hvalfjarðartengingar .....		63	63
g6	Borgarnes .....		34	
h0	Borgarfjarðarbraut – Grafarkot .....			12
50	Borgarfjarðarbraut			
02	Vatnshamraleið .....		52	46
54	Snæfellsnesvegur			
10	Bjarnarfoss – Egilsskarð .....		19	
10	Sæluhús – Valavatn .....		16	

Vegnr.	Vegheiti Kaflanr. Kaflaheiti	2002 m.kr.	2003 m.kr.	2004 m.kr.
56	Vatnaleið . . . . .		20	
60	Vestfjarðavegur			
01	Brattabrekka . . . . .		37	99
531	Borgarbraut			
01	Brákarsund . . . . .		5	
60	Vestfjarðavegur			
21	Gilsfjörður . . . . .		21	15
29-31	Múli – Vattarnes . . . . .		206	187
44	Gemlufallsheiði . . . . .		51	
61	Djúpvegur			
31	Gilseyri – Kleifaós . . . . .		45	
45	Hnífsdalur – Bolungarvík . . . . .		9	
62	Barðastrandarvegur			
04	Kleifaheiði . . . . .		57	
636	Hafnarvegur Ísafirði			
01	Djúpvegur – höfn . . . . .		16	
1	Hringvegur			
k8	Um Vatnsdalsá . . . . .		72	
74	Skagastrandarvegur . . . . .		23	
1	Hringvegur			
q9	Mývatnsheiði . . . . .		175	
85	Norðausturvegur			
09	Tjörnes: Bangastaðir – Víkingavatn . . . . .		272	
24	Um Svalbarðsá . . . . .		16	
1	Hringvegur			
s1-s2	Biskupsháls – Vegaskarð . . . . .		141	34
s8-s9	Hofteigur – Hrólfsstaðir . . . . .		114	
t5	Stóra-Sandfell – Litla-Sandfell . . . . .		19	
t9-u0	Ásunnarstaðir – Heydalir . . . . .		65	
34-35	Hölkna – Miðheiðarhryggur . . . . .		61	85
93	Seyðisfjarðarvegur			
06	Við ferjuhöfn . . . . .		35	5
Samtals			2.246	838

### 1.2. Höfuðborgarsvæðið.

Vegnr.	Vegheiti Kaflanr. Kaflaheiti	2002 m.kr.	2003 m.kr.	2004 m.kr.
41	Reykjanesbraut			
11	Gatnamót við Stekkjarbakka . . . . .		520	50
12	Fífuhvammsvegur – Kaplakriki . . . . .		420	30
14	Í Hafnarfirði . . . . .		350	
Samtals			1.290	80

## 2. Jarðgangaáætlun.

Vegnr.	Vegheiti	2002	2003	2004
Kaflnr.	Kaflaheiti	m.kr.	m.kr.	m.kr.
Siglufj.	Ólafsfj. og Reyðarfj. – Fáskrúðsfj. ....		1.500	1.500
	Samtals		1.500	1.500

## 3. Tengivegir.

Vegnr.	Vegheiti	2002	2003	2004
Kaflnr.	Kaflaheiti	m.kr.	m.kr.	m.kr.
26	Landvegur			
02	Holtsmúli – Fellsmúli .....		35	32
204	Meðallandsvegur			
	Ásgarður – Fossar .....		9	
254	Hólmavegur			
01	Landeyjavegur – flugvöllur .....			15
33	Gaulverjabæjarvegur			
01	Önundarholtsv. – Skipar .....		12	
508	Skorradalsvegur			
01	Fossamelar – Borgarfjarðarbraut .....		21	
645	Drangsnesevegur			
01	Reykjarnes – Drangsnese .....		50	
807	Skíðadalsvegur			
01	Um Skíðadals- og Svarfaðardalsá .....		15	
94	Borgarfjarðarvegur			
07	Á Vatnsskarði .....		12	18
931	Upphéraðsvegur			
01	Ekkjufell – Setberg .....		44	14
939	Axarvegur			
01-02	Skriðdalur – Berufjörður .....		11	17
	Samtals		209	96

## 4. Til brúagerðar.

## 1. Brýr, 10 m og lengri.

	2002	2003	2004
	m.kr.	m.kr.	m.kr.
Skaftá (1) .....		50	
Laugaá (35) .....		14	
Samtals		64	

## 5. Ferðamannleiðir.

Vegnr.	Vegheiti Kafanr. Kaflaheiti	2002 m.kr.	2003 m.kr.	2004 m.kr.
	Vegir í Vestmannaeyjum .....		5	
508	Skorradalsvegur			
01	Fossamelar – Borgarfjarðarbraut .....		15	
574	Útnesvegur			
04	Hella – Hellissandur .....		16	
586	Haukadalsvegur .....		4	
5710	Arnarstapavegur .....			11
5714	Lýsuhólsvegur .....			8
793	Skarðsvegur			
01	Flugvallarvegur – skíðasvæði .....		3	
837	03 Hlíðarfjallsvegur .....		35	
953	Mjóafjarðarvegur .....		35	
Samtals			113	19

**Yfirlit**

	2002 m.kr.	2003 m.kr.	2004 m.kr.
Almenn verkefni og Stórverkefni .....		2.246	838
Höfuðborgarsvæðið .....		1.290	80
Jarðgangaáætlun .....		1.500	1.500
Tengivegir .....		209	96
Brýr, 10 m og lengri .....		64	
Ferðamannleiðir .....		113	19
Samtals		5.422	2.533